

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 30. janúar 2013 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-87/2012:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 30. október sl. bað X hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings um gjafabréf í versluninni A. Beinir álitsbeiðandi kröfum sínum í málinu að núverandi eiganda verslunarinnar, Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að fá vörur keyptar út á gjafabréfið, ella að gjafabréfið verði endurgreitt.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 1. nóvember sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 7. nóvember. Með bréfi, dags. 12. nóvember, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frest til þess til 26. nóvember Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 7. janúar sl., var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst vera handhafi gjafabréfs gefnu út af A. Gjafabréfið hafi verið keypt í sömu verslun í nóvember 2011 og upphæð þess sé kr. 20.000. Segir álitsbeiðandi að hinn 12. september 2012 hafi hann farið með gjafabréfið í verslunina en afgreiðslumaður þar hafi neitað að taka við bréfinu á grundvelli þess að um liðin áramót hafi orðið eigandaskipti að versluninni og nýr eigandi hefði tekið við gjafabréfum fyrri eiganda til loka ágúst 2012, en ekki lengur.

Álitsbeiðandi kveðst hafa, sem handhafi bréfsins, verið í góðri trú um að bréfið ætti að gilda í 4 ár eins og lög geri ráð fyrir, enda voru engir fyrirvarar á gjafabréfinu um gildistíma þess. Gjafabréfið gildi í umræddri verslun, sem sé með sama símanúmer og heimilisfang í dag og hún var með þegar bréfið var keypt, þrátt fyrir eigandaskipti, sem álitsbeiðandi segist hvorki hafa verið upplýstur um, né hafi hann getað vitað af þeim. Telur álitsbeiðandi því núverandi eiganda skylt að taka við gjafabréfinu og krefst þess að hann taki við bréfinu ella endurgreiði sér verðmæti þess.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda, rituðum af eiganda, er rakið að seljandi keypti umrædda verslun um sl. áramót af fyrri eiganda. Hið keypta hafi verið nafn, merki og birgðir verslunarinnar. Þá var gerður leigusamningur við húseiganda og símanúmer verslunarinnar tekið yfir. Segir seljandi að tilkynnt hafi verið um þessi viðskipti í öllum helstu fjölmiðlum landsins og því sé hafnað fullyrðingum álitsbeiðanda um að hann hafi ekki getað vitað af eigandaskiptum. Fylgja úrklippur úr fjölmiðlum þessu til stuðnings.

Seljandi segir að í samkomulagi milli sín og fyrrum eiganda verslunarinnar hafi verið gert ráð fyrir að seljandi innleysti öll gjafabréf og inneignarnótur viðskiptavina fyrri eiganda

þar til endanlegt uppgjör færi fram, en til hafi staðið að það yrði í september 2012. Þessu hafi reyndar verið breytt og endanlegt uppgjör fari ekki fram fyrr en í desember s.á.

Segir seljandi að eftir þann tíma verði handhafar gjafabréfa og inneignarnóta útgefnum af fyrri eiganda að fá þau innleyst af þeim aðila.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Sá sem er handhafi gjafabréfs af því tagi sem álitsbeiðandi hefur yfir að ráða öðlast almennt rétt til þess að taka síðar út vörur í þeirri verslun sem tiltekin er í gjafabréfinu. Hér er því um að ræða neytendakaup þess eðlis að kaupandinn greiðir vöruna eða upp í verð hennar fyrir fram en fær hana afhenta síðar gegn framvísun gjafabréfsins. Ekki var í því tilviki sem hér um ræðir samið um afhendingu sérstakrar vöru sem útgefandi gjafabréfsins hefur til sölu heldur réðist það af vilja handhafa bréfsins fyrir hvaða vöru í viðkomandi verslun það yrði notað sem greiðsla. Líta má svo á að seljandinn hafi ákveðið hagræði af þessum viðskiptum, þ.e. hann fær greiðslu kaupverðsins strax og getur ráðstafað henni til sinna þarfa og þarf ekki að afhenda meira verðmæti þegar bréfið er notað sem greiðsla en nemur nafnverði þess þótt kaupunum sé lokið síðar.

Í þeim tilvikum hins vegar þar sem útgefandi gjafabréfs er t.d. ekki lengur eigandi þeirrar verslunar hvar slíkt gjafabréf skal innleyst, ræðst það af hverju tilviki fyrir sig hvort handhafi bréfsins getur krafist innlausnar bréfsins hjá nýjum eiganda verslunarinnar, eða þarf að beina kröfu sinni að fyrri eiganda. Hafi verslun t.d. verið seld með þeim hætti að félagið bak rekstrinum er selt með öllum réttindum og skyldum til nýs eiganda, gæti hinn nýi eigandi ekki hafnað því að innleysta gjafabréf útgefnum í tíð fyrri eiganda, svo fremi sem gjafabréfið væri í gildi. Hafi hins vegar rekstur verslunarinnar einungis verið keyptur, ræðst það af samningi kaupanda og seljanda hvernig farið er með uppgjör á ýmsum atriðum, þ.m.t. gjafabréfum. Sé samningi aðila svo háttáð að eftir ákveðið tímamark, svo sem er í máli þessu, fari fram endanlegt uppgjör milli seljanda og kaupanda, getur sú staða komið upp að kaupandi verslunarinnar getur hætt að taka við gjafabréfum eða öðrum inneignum, útgefnum af fyrri eiganda.

Þetta þýðir hins vegar ekki að gjafabréfið sé úr gildi fallið, því það heldur gildi sínu gagnvart útgefanda þess frá útgáfu og þar til það rennur út. Getur handhafi slíks bréfs því ávallt gert kröfu á útgefanda þess, óháð samningum útgefanda við þriðja aðila.

Í máli þessu hefur álitsbeiðandi ekki beint kröfu sinni útgefanda gjafabréfsins og fyrri eiganda umræddrar verslunar, heldur að núverandi eiganda verslunarinnar. Getur sá aðili, skv. ofanröktu, ekki talist aðili að máli þessu og verður því að hafna kröfum álitsbeiðanda.

VI
Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir